

## SAMÞYKKT

### um meðhöndlun úrgangs í Sveitarfélaginu Hornafirði.

## 1. gr.

*Gildissvið.*

Samþykkt þessi gildir fyrir meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. hirðu, söfnun og förgun úrgangs, í Sveitarfélaginu Hornafirði.

## 2. gr.

*Almenn ákvæði.*

Meðhöndlun úrgangs skal vera samkvæmt ákvæðum samþykktar þessarar og reglugerðar nr. 737/2003, um meðhöndlun úrgangs og laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.

Skipulags- og tæknisvið ásamt umhverfisfulltrúa fyrir hönd bæjarstjórnar bera ábyrgð á úrgangsmálum Sveitarfélagsins Hornafjarðar og samskiptum við þá aðila sem þeim viðfangsefnum tengjast.

Bæjarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd söfnunar á úrgangi, rekstur söfnunarstöðva, móttökustöðva, flokkun og förgun úrgangs. Skal sá rekstraraðili hafa starfsleyfi frá heilbrigðisnefnd Austurlands og Umhverfisstofnun eftir því sem við á.

Heilbrigðisnefnd Austurlands hefur eftirlit með meðhöndlun úrgangs í Sveitarfélaginu Hornafirði skv. 4. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 737/2003, um meðferð úrgangs.

## 3. gr.

*Markmið.*

Markmið samþykktarinnar er:

- að lágmarka það úrgangsmagn sem fer til förgunar með því að auka endurvinnslu og endurnýtingu úrgangs,
- að lágmarka kostnað samfélagsins við meðhöndlun úrgangs,
- að kostnaður vegna úrgangs greiðist af þeim sem úrganganum veldur.

Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs er lögð til grundvallar samþykkt þessari.

## 4. gr.

*Skilgreiningar.*

- Meðhöndlun úrgangs* felur í sér, söfnun geymslu, böggun, flokkun, flutning, endurnýtingu, pökkun og förgun úrgangs, þ.m.t. eftirlit með slíkri starfsemi og umsjón með förgunarstöðum eftir að þeim hefur verið lokað.
- Söfnunarstöð (gámaстöð)* er staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi frá almenningi og/eða smærri fyrirtækjum. Þaðan fer hann til endurnýtingar eða er fluttur til móttökustöðvar.
- Heimilisúrgangur* er úrgangur frá heimilum, t.d. matarleifar, pappír, plast, garðaúrgangur, gler, timbur, málmar og sams konar leifar frá rekstraraðilum o.þ.h.
- Húsráðendur* eru eigendur húsa eða íbúar, bera sömu ábyrgð og eigendur, ef aðrir en eigendur húseigna búa í þeim.

Varðandi frekari skilgreiningar vísast til laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

## 5. gr.

*Umgengni og úrgangsforvarnir.*

Óheimilt er að skilja eftir eða geyma rusl, garðaúrgang eða annan úrgang á víðavangi, götum og gangstéttum. Sama á við um númerlausar bifreiðar, vélar og sambærilega hluti.

Íbúar, stofnanir og fyrirtæki skulu leitast við að minnka magn úrgangs eftir föngum. Úrgang sem fellur til skal flokka þannig að unnt sé að endurnýta, endurnota og endurvinna sem mest og lágmarka magn úrgangs sem fer til urðunar.

## 6. gr.

*Heimilisúrgangur.*

Söfnunarílát fyrir heimilisúrgang skulu vera við heimili og er sérhverjum húsráðanda skylt að nota þau ílát og þær aðferðir við geymslu og meðferð úrgangs sem umhverfisnefnd Hornafjarðar ákveður hverju sinni, í samráði við heilbrigisnefnd og í samræmi við lög og reglur þar að lútandi.

Húsráðendur fá afhent söfnunarílát, tunnur, frá sveitarfélagini og eru ábyrgir fyrir lánstunnum. Húsráðendur skulu gæta þess að valda ekki skemmdum á ílátunum.

Húsráðendur skulu halda sorpílátum hreinum svo ekki skapist heilsuspíllandi aðstæður eða óþægindi af völdum þeirra. Haldi húsráðendur sorpílátum ekki hreinum getur sveitarfélagið látið hreinsa ílátin á kostnað þeirra.

Sorpílátin eru eign sveitarfélagsins sem sér um viðhald á þeim. Sé ílát skemmt af öðrum ástæðum en eðlilegri notkun og sliti getur sveitarfélagið farið fram á að íbúðareigandi greiði fyrir nýtt ílát.

Sveitarfélagið útvegar sorpílát til notkunar við íbúðarhúsnæði sem eru:

240 l ílát fyrir endurvinnsluefni og

140 l ílát fyrir almennan heimilisúrgang.

Húsráðendur eða hússtjórn fjölbýlishúsa geta beðið um að ílátum sé fjöldað eða fækkað og greiðir þá viðkomandi fyrir flutning íláta samkvæmt reikningi og aukagjald fyrir hvert ílát. Fjöldi íláta skal ekki vera svo takmarkaður að þau yfirfyllist, gæta skal þess að fylla ekki sorpílátin meira en svo að auðveldlega megi loka þeim. Umhverfisnefnd gefur út og birtir upplýsingar um hversu oft hirða heimilisúrgangs fer fram. Ákvörðun um tíðni hirðu heimilisúrgangs skal tekin í samráði við heilbrigðisnefnd Austurlands og framkvæmdaraðila/verktaka. Sveitarfélagið Hornfjörður gefur sorpdagatal út árlega og birtir á heimasíðu sinni.

Í endurvinnslutunnuna fara blöð, pappi, ál og plast.

## 7. gr.

*Úrgangur frá fyrirtækjum og stofnunum.*

Allir rekstraraðilar og heimagistingar í sveitarfélagini skulu flokka úrgang og setja í viðeigandi ílát, áhersla er lögð á að þeir flokki á sama hátt og heimili. Húsráðanda atvinnuhúss, eða rekstrar-aðila lögbýla, er ekki skyld að hafa grunneiningu íláta en getur óskað eftir því. Stærð grunneiningar er 240 l tunna fyrir endurvinnsluefni og 120 l tunna fyrir almennan úrgang.

Ef fyrirséð er að ílátin yfirfyllist getur húsráðandi óskað eftir stærri eða fleiri ílátum. Úrgangur sem ekki er ofan í ílátum er ekki fjarlægður af þjónustuaðila. Fyrir stærri eða viðbótarílát er innheimt viðbótargjald. Einnig getur húsráðandi farið með umframmagn úrgangs á móttökusvæði sveitarfélagsins. Húsráðandi atvinnuhúsnæðis sem ekki hefur grunneiningu íláta, skal skila úrgangi á gáma-stöð sveitarfélagsins. Taka skal gjald fyrir þjónustu við þá á gámastöð sveitarfélagsins samkvæmt gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs.

Sorpílát og umgengni við þau, svo og flutningur á úrgangi frá fyrirtækjum skal vera í samræmi við fyrirmæli heilbrigðisnefndar og samkvæmt reglugerð nr. 737/2003, um meðhöndlun úrgangs. Staðsetning gáma fyrir rekstrarúrgang skal vera í samræmi við ákvarðanir bæjarstjórnar eða ákvæði deiliskipulags.

## 8. gr.

*Sorpgeymslur og -gerði.*

Ganga skal þannig frá sorpílátum, sorpgeymslum og sorpgerðum að þau valdi ekki óþrifum eða óþægindum. Halda skal þeim við eftir þörfum og þau hreinsuð reglulega. Sorpgeymslur og -gerði má eingöngu nota til geymslu úrgangs.

Sorpgeymslur skulu vera á jarðhæð og standa sem næst aðkomu að lóð. Þar sem fleiri en eitt sorpílát eru við hús skulu ílát geymd á einum stað en ekki dreift um lóð.

Halda skal greiðfærri leið að sorpílátum og hreinsa burt snjó á vetrum. Þegar hundur er tjóðraður á lóð eða laus á lóð innan hundheldrar girðingar skal tryggja að komast megi óhindrað að sorpílátum til losunar.

Að öðru leyti er vísað til byggingarreglugerðar nr. 112/2012 og reglugerðar nr. 737/2003, um meðhöndlun úrgangs.

## 9. gr.

*Flokkun úrgangs.*

Draga skal eftir föngum úr myndun úrgangs. Úrgang sem til fellur skal endurnota eftir föngum. Úrgangur sem ekki verður endurnotaður skal flokkaður til endurnýtingar eða endurvinnslu eins og kostur er.

Þar sem breytingar geta orðið á endurnýtingarmöguleikum geta leiðbeiningar um flokkun breyst. Sveitarfélagið skal í samvinnu við samstarfsaðila í málaflokknum og heilbrigðisnefnd halda uppi fræðslu um flokkun og endurnýtingu til íbúa og lögaðila í sveitarfélagini sem og ferðamanna og gesta.

Í sorpílat fyrir almennan heimilisúrgang má aðeins setja matarúrgang og annað sem ekki er hægt að endurnýta og endurvinna og sem fellur daglega til við venjulegt heimilishald.

Í sorpílat fyrir endurvinnsluefni skal setja pappír, dósir, ál og annan endurvinnanlegan úrgang í samræmi við nánari fyrirmæli sem kunna að verða sett um flokkun úrgangs.

Annan úrgang er óheimilt að setja í sorpílat.

## 10. gr.

*Söfnunarstöðvar (gámastöðvar).*

Allur úrgangur sem ekki er heimilt að setja í sorpílat fyrir almennan heimilisúrgang og ílát fyrir endurvinnsluefni skal fluttur til söfnunarstöðvar. Þetta gildir bæði um úrgang frá heimilum og lög-aðilum.

Á Höfn er söfnunarstöð fyrir flokkaðan úrgang, Gáran, að Álaleiru 2. Þar er tekið á móti flokkuðum úrgangi frá heimilum og minni fyrirtækjum samkvæmt gjaldskrá sveitarfélagsins hverju sinni.

Til söfnunarstöðvarinnar, Gárunnar, skal skila eftirfarandi: Spilliefnum, og öðrum hættulegum úrgangi, timbri, brotamálum, rafmagns- og rafeindataekjum sem og öðrum grófum úrgangi. Lyfjum skal skila í apótek.

Í dreifbýli er móttaka fyrir lífrænan úrgang og móttaka fyrir járn og timbur á auglýstum tínum.

Óheimilt er að losa annan úrgang á söfnunar- og móttökustöðvum en þá flokka sem tilgreindir eru með merkingum á viðkomandi stöð.

Garðaúrgangi og jarðvegsefni, þ.m.t. grjóti og múrbroti, skal komið á sérmerktan losunarstað sem umhverfisfulltrúi sveitarfélagsins vísar á.

Glerbrotum og öðrum oddhvössum úrgangi skal pakka inn ef þeir fara í almennt sorp en æskilegt er að skila þeim í söfnunarstöðina.

## 11. gr.

*Gjaldtaka.*

Sveitarfélagið Hornafjörður innheimtir gjald fyrir forgun úrgangs í samræmi við ákvæði 1. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Þá innheimtir sveitarfélagið gjald fyrir alla aðra meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi í samræmi við 2. mgr. 23. gr. laganna. Gjöldin skulu ákvörðuð og innheimt samkvæmt gjaldskrá sem sett er samkvæmt ákvæðum 23. gr. sömu laga og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Gjöld mega aldrei vera hærri en nemur þeim raunkostnaði sem verður til í sveitarfélagini við meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi, svo og við veitta þjónustu og framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Sveitarstjórn er heimilt að haga gjaldskrá fyrir sorphirðugjöld með þeim hætti að það hvetji íbúa til að draga úr sorpmagni sem fer til urðunar.

Heimilt er að leggja gjöld þessi á hverja fasteign, stofnun eða fyrirtæki sem nýtur þjónustunnar.

Gjöld skal miða við fjölda sorphirðuálfáta, hvort sem um er að ræða flokkaðan eða óflokkaðan úrgang og tildeini söfnunar. Heimilt er að innheimta sorphirðugjöld hjá fyrirtækjum og stofnunum samkvæmt magni úrgangs.

Gjöld fyrir forgun og hirðu á blönduðum og flokkuðum úrgangi innheimtast með fasteignagjöldum og á sömu gjalddögum.

Nr. 390

28. apríl 2016

Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda. Í gjaldskránni skal vísa til þessarar samþykktar.

12. gr.

*Refsiviðurlög.*

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum VIII. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og 68. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.

13. gr.

*Gildistaka.*

Samþykkt þessi sem er sett samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 8. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, sbr. ákvæði 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, staðfestist hér með og öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 104/2000 um sorphirðu í Sveitarfélaginu Hornafirði.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 28. apríl 2016.*

F. h. r.

**Sigurbjörg Sæmundsdóttir.**

*Laufey Helga Guðmundsdóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 13. maí 2016